

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Olíudreifing Örfirisey



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	30.5.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Hólmahlóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Helgi Árnason	<b>Staðsetning</b>	356850,845 409700,409

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð í eftirliti.

### UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Mælingum sem kröfur eru um – geymar, lagnir og olúskiljur
2. Skráningar skv. starfsleyfi
3. Frárennsli stöðvanna
4. Sprungur í gasolíuþró – staða viðgerða 2018
5. Gufuendurnýtingarkerfi
6. Vinnsla úrgangsolíu
7. Umhverfisstjórnunarkerfi og vottunarskoðunir
8. Annað

1. Í eftirliti stöðvarinnar var byrjað á fundi með fulltrúum Olíudreifingar ehf. og sest yfir gögn sem borist hafa síðan síðast var komið í eftirlit. Mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar voru yfirfarin og skýrslur vottunaraðila á umhverfisstjórnunarkerfi og innra eftirlits rekstraraðila. Allir olíugeymar hafa verið þykktarmældir á síðustu tíu árum en næst þarf að þykktarmæla geyma nr. T0024, T0106, T0175, T0176 og T0177. Eins þarf að þrýstiprófa allar lagnir utan mengunarvarnarþróar á árinu.

2. Skráningar í stöðinni eru gerðar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði. Engar bilanir eru skráðar en skráð er viðhald, s.s. þegar lokar á lögnum eru liðkaðir, vatni tappað undan geymum, handslökkvitæki og annar búnaður skoðaður og yfirfarinn. Radar (hæðarmælar) og hitamælar eru kvarðaðir með því að bera álestra af mælum saman við gögn frá Fjölver - efnarannsóknastofu sem þjónustar stöðina með efna- og magnmælingar.

Engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá síðustu eftirlitsheimsókn og ekki hafa borist kvartanir vegna starfseminnar.

3. Þjónusta við olúskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi. Fimm olúskiljur eru í frárennsli stöðvanna, allar með sjálfvirkum skynjurum í frárennsli tengdum öryggiskerfum stöðvanna. Skynjarar eru prófaðir reglulega, síðast 20. mars sl. Olúskiljur eru skoðaðar, yfirfarar og þrífir eins og þurfa þykir en skilja nr. 7 sem er á Eyjagarði þarf tíðast viðhald. Allar skiljur voru botnhreinsaðar í nóvember sl. Skimað var ofan af skilju nr. 7 í apríl sl. Árleg mæling á olíu í frárennsli olúskiljanna kom vel út.

4. Sprunguviðgerðir á gasolíuþró eru fyrirhugaðar í sumar. Samið hefur verið við verktaka en vinnan þarf að fara fram í þurru veðri svo viðlöðun viðgerðarefnis sé tryggð. Beðið hefur verið eftir þurru veðri.

5. Verktaki (Luveba s.a.) tók út gufuendurnýtingarbúnað stöðvarinnar í september sl. Mælingar á losun bensingufa sýna að kröfum í reglugerð nr. 252/1999 er mætt. Rokgjarnar gufur eru undir 35 g / Nm<sup>3</sup>.

6. Í Örfirisey tekur rekstraraðili á móti úrgangsolíu sem er safnað víðs vegar um landið og geymir á olíugeymum. Þar fer einnig fram áframvinnsla á olíunni. Sótt hefur verið um ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar varðandi það að unnin úrgangsolía verði endurskilgreind sem olía (hráefni) og hún þannig gjaldgeng til endursölu. Þróunarvinna til að bæta eiginleika framleiðslunnar stendur yfir með það að takmarki að framleiðslan fái jákvætt ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar. Unnið er í samvinnu við erlendan sérfræðing sem hefur unnið sambærilega vinnu í heimalandi sínu.

Umhverfisstofnun hefur kafið rekstraraðila um að sækja um breytingu á starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar svo úrgangsolíuvinnslan rúmist innan þess. Fyrst með bréfi frá 15. desember 2016 þar sem veittur var frestur til 16. janúar 2017 til þess að skila inn umsókn. Rekstraraðili sendi bréf þann 22. desember 2016 og óskaði eftir lengri fresti. Með bréfi 3. mars 2017 féllst Umhverfisstofnun á að veita frest til 1. júlí 2017. Þriðji fresturinn til þess að sækja um breytingu á starfsleyfi var veittur til 31. desember 2017. Nú eru því allir þrír frestinir útrunnir.

Starfsleyfi stöðvarinnar veitir ekki heimild til meðhöndlunar á spilliefnum og er þessi hluti starfseminnar því ekki í samræmi við núverandi starfsleyfi.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar er sú að um frávík frá kröfum í starfsleyfi sé að ræða.

7. BSI hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi Olíudreifingar ehf. og nær vottunin til allra starfstöðva félagsins. Í síðustu skýrslu vegna endurvottunar á olíubirgðastöðinni í Örfirisey frá apríl 2017, voru ekki gerðar athugasemdir við mengunarvarnir stöðvarinnar né eftirlitskerfi.

8. Annað

Ný reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi kom út á síðasta ári og kom fram að þar sem í starfsleyfi er vitnað í kröfur í reglugerð nr. 35/1994 sem hefur verið aflögð, gilda nú kröfur í nýju reglugerðinni nr. 884/2017.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina með stöðvarstjóra og skoðaðar mengunarvarnarþrær við geyma. Gasolíuþró er með steinsteyptan botn og eru sprungur komnar í steypuna. Samið hefur verið við verktaka um viðgerðir og nú er beðið eftir þurru veðri svo hægt sé að fara í framkvæmdir.

Einnig voru skoðaðar olíuskiljur og lagnir sem liggja út úr þrónum. Uppfærðar teikningar hafa verið sendar stofnuninni sem sýna fráveitukerfi þróanna. Ekki betur séð en að þrær gætu sinnt hlutverki sínu.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

#### Frávík frá

ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfi um umfang starfseminnar.

#### Lýsing á frávíki

Meðhöndlun spilliefna (úrgangsolíu) fer fram í olíubirgðastöðinni (endurvinnsla úrgangsolíu).

Í grein 1.2 í starfsleyfi er eingöngu heimil móttaka úrgangsolíu.

Umsókn um breytingu á starfsleyfi barst Umhverfisstofnun 19. júlí sl. og telst hún tímasett útbótaáætlun sem stofnunin fer fram á þegar frávík finnast. Ekki verður frekari eftirfylgni vegna þessa.

#### ATHUGASEMDIR

##### Ábending:

Óskað er eftir því að rekstraraðili upplýsi Umhverfisstofnun um lok verkefni um sprunguviðgerðir í gasolíuþró.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 27.07.2018

  
Gottskálk Friðgeirsson